

Verklagsreglur stöðunefndar lækna

frá og með 5. febrúar 2018

Lagaákvæði um stöðunefnd lækna, sem fjallar um faglegt hæfi umsækjenda um stöður framkvæmdastjóra lækninga og annarra stjórnenda lækninga á heilbrigðisstofnunum sem ríkið rekur (hér eftir kölluð stöðunefnd), er að finna í 35. gr. laga um heilbrigðisþjónustu nr. 40/2007. Í 4. mgr. 35. gr. laganna segir að ráðherra setji stöðunefnd starfsreglur að fengnum tillögum nefndarinnar. Voru slíkar reglur undirritaðar af heilbrigðisráðherra þann 31. maí 2013 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda sem reglur nr. 574/2013. Í 8. gr. reglnanna segir að nefndin geti sett sér frekari verklagsreglur sem skuli vera aðgengilegar umsækjendum. Þær reglur voru samþykktar á fundi nefndarinnar þann 31. júlí 2014. Þær hafa að markmiði að auðvelda sanngjarnt mat og samanburð á umsækjendum og gera störf nefndarinnar skilvirkari. Verklagsreglurnar eru eftirfarandi:

1. Nefndin fjallar um þær umsóknir, sem henni ber að fjalla um lögum samkvæmt. Það er á ábyrgð viðkomandi stofnunar að sjá til þess að nefndinni berist umsóknir til afgreiðslu og skal starfsauglýsing fylgja með.
2. Um vanhæfi nefndarmanna við umfjöllun einstakra umsókna gilda ákvæði stjórn-sýslulaga. Það eitt að hafa numið eða starfað samhliða umsækjanda um einhvern tíma á sömu stofnun og deild veldur ekki sjálfkrafa vanhæfi, nema nefndarmaður telji sjálfur að tengsl við umsækjanda séu þess eðlis.
3. Við mat sitt hefur nefndin til hliðsjónar annars vegar almennar reglur um hæfi umsækjenda, samanber hér að neðan, og hins vegar sérkröfur auglýsingar, ef einhverjar eru.
4. Umsóknum skal skila til nefndarinnar á rafrænum eyðublöðum sem fást á [vef embættis landlæknis](#).
5. Umsóknir og afrit fylgigagna skulu send í tölvupósti á Júlíönu Héðinsdóttur ritara nefndarinnar á tölvupóstfangið juliana.hedinsdottir@landlaeknir.is. Ef ekki eru tök á að senda umsóknir og fylgigögn rafrænt skulu umsagnarbeiðendur póstsenda þau á Júlíönu Héðinsdóttur ritara stöðunefndar, embætti landlæknis, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík.
6. *Upplýsingar um nám og störf*. Umsækjandi skal gera grein fyrir fyrri störfum, aðgreindum sem:
 - a) Kandídatstörf
 - b) Sérnám í núverandi sérgrein

- c) Störf eða nám í annarri sérgrein
- d) Störf í núverandi sérgrein.

Ekki þarf að geta sérstaklega um sumarleyfi né önnur styttri leyfi en fæðingarorlof og lengri leyfi reiknast ekki sem reynsla í sérnámi. Störf meðan á læknanámi stendur reiknast ekki sérstaklega. Störf eftir kandidatsár og áður en sérnám hefst teljast til liðsins „Önnur læknisstörf“. Geta þarf um starfshlutfall. Sérstaklega skal tilgreint fræðilegt nám og gráður svo sem diploma-, meistara- eða doktorsgráður. Geta skal um menntun utan læknisfræðimenntunar.

7. *Stjórnunarstörf og stjórnunarmenntun*: Geta skal stjórnunarmenntunar bæði innan og utan læknisfræði. Stjórnunarstörf vega þungt í mati stöðunefndar, einkum ef umsækjandi hefur verið fastráðinn til slíkra starfa að fengnu hæfismati. Styttri afleysingastörf eru ekki metin sérstaklega, né heldur þau störf, sem þrátt fyrir stöðuheiti fela að jafnaði ekki í sér sérstök stjórnunarstörf. Einhver stjórnunarpáttur er í flestum læknisstörfum og þarf ekki að geta um það sérstaklega, heldur einungis hvort um eiginlegt stjórnunarstarf var að ræða og þá í hverju það fólst, sé það ekki augljóst af starfsheiti.
8. Að jafnaði skal sá sem sækir um stöðu yfirlæknis hafa a.m.k. tveggja ára starfsreynslu í viðkomandi fagi. Undantekningu má gera ef umsækjandi hefur verulega starfs- eða stjórnunarreynslu í öðru fagi, hefur doktorspróf í faginu eða hefur sýnt sérstakan árangur að öðru leyti. Stöðunefnd hefur til hliðsjónar að innihald stjórnunarstarfa, sem svo eru nefnd, geta verið mismunandi milli landa.
9. Sérfræðistörf í sama fagi eru ekki metin til tekna umfram átta ára starf, en sérfræðingur telst þá hafa fengið fulla starfsreynslu. Sérfræðireynsla reiknast frá þeim tíma sem umsækjandi fær fyrstu sérfræðiréttindi. Þannig telst nám í undirsérgrein til sérfræðireynslu hafi umsækjandi fengið réttindi í aðalsérgrein.
10. Um *kennslustörf* gildir hið sama og getið er um í liðnum hér að ofan. Óformleg kennslustörf fylgja flestum námsstöðum og sérfræðistörfum og þarf ekki að geta um það sérstaklega, en áhersla er lögð á formleg kennslustörf, s.s. aðjúnt/dósent/ prófessor.
11. *Vísindastörf*. Hér reiknast fyrst og fremst vísindagreinar birtar í ritrýndum vísindaritum, en þó einnig yfirlitsgreinar, ritstjórnargreinar, bókarkaflar, údrættir og veggspjöld. Stöðunefnd metur ekki gæði eða gildi vísindastarfa umsækjenda nema sérstakt tilefni sé til þess. Getið skal um fræðslurit fyrir almenning og önnur greina-skrif, en vægi þeirra er lítið miðað við fræðastörf. Meistara- og doktorsrit þarf að senda með umsókn. Ritskrá skal fylgja auk afrita af öllum greinum.
12. *Félags- og nefndarstörf*. Geta skal umfangsmikilla nefndarstarfa á heilbrigðissviði, en einnig ábyrgðarstarfa utan venjubundinna læknisstarfa s.s. fyrirtækjareksturs, starfa á sviði opinberrar stjórnsýslu, viðamikilla félagsmálastarfa o.s.frv., en ekki almennrar þátttöku í félagsstörfum. Stöðunefnd metur ekki huglæga þætti, svo sem samstarfshæfni og byggir mat sitt eingöngu á innsendum umsóknargögnum.

13. Stöðunefnd gerir rökstudda umsögn um hvern umsækjanda fyrir sig og metur hvort hann telst hæfur til að gegna hinni auglýstu stöðu.
14. Ef um fleiri en einn umsækjanda er að ræða eru umsækjendur bornir saman í lok álits. Sé mikill munur á hæfni umsækjenda getur stöðunefnd raðað þeim í hæfnisröð.
15. Umsækjandi, sem stöðunefnd metur ekki hæfan til að gegna hinu auglýsta starfi, fær hæfilegan frest til andmæla.
16. Nefndin sendir endanlegar niðurstöður sínar beint til stofnunar þeirrar, sem óskaði eftir álitinu. Óski einhver umsækjanda eftir að fá álit stöðunefndar í hendur skal ritari nefndarinnar verða við slíkri beiðni, en jafnframt senda afrit til meðumsækjenda.
17. Sé um endurauglýsingu starfs, sem umsækjandi hefur gegnt undanfarin ár, að ræða og nefndin áður metið umsækjanda hæfan til að gegna því, telst umsækjandi sjálfkrafa hæfur. Ef ekki hafa borist aðrar umsóknir skal ekki senda nefndinni umsóknina eða önnur gögn.
18. Verklagsreglur þessar skal endurskoða á tveggja ára fresti eða eftir því sem tilefni gefst til.

Verklagsreglur þessar voru samþykktar á fundi stöðunefndar lækna 5. febrúar 2018.

f.h. stöðunefndar,

Matthías Halldórsson
formaður